

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 734/1983 svo og 13. og 14. gr. reglugerðar um skráningu sérlyfja á Sérlyfjaskrá nr. 451 31. desember 1976 og 6. gr. reglugerðar um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334 19. júlí 1979.

Bráðabirgðaákvæði.

Skráningargjöld innlendra lyfjaframleiðenda skulu til 1. júlí 1985 vera helmingur þeirra upphæða, er greindar eru í 1. gr. þessarar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. október 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 396

AUGLÝSING

24. september 1984

um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Grindavíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Grindavík:

Efstahraun nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Selsvöllum og Heiðarhrauni.

Baðsvellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Gerðavellir njóta aðalbrautarréttar gagnvart götum, sem að þeim liggja.

Aðalbrautarréttur þessi er samkv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Grindavík, 24. september 1984.

Guðmundur Kristjánsson, ftr.

Nr. 397

20. ágúst 1984

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Suðureyrarhreppi nr. 619 18. ágúst 1983.

1. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, er verði 4. gr. og aðrar greinar færast til er því nemur: Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka hundageymslu á vegum Suðureyrarhrepps. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að 10 daga meðan eiganda gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan hreppsins. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan hreppsins innan 10 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, er heimilt að aflífa hundana þegar í stað.

2. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. ágúst 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1984.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum, lyfjagerðum, lyfjaheildsölum og læknum með lyfjasölu ber að greiða fyrir árið 1984, vegna lyfjaeftirlits skv. 52. og 53. gr. lyfjalaga nr. 49 16. maí 1978 skal vera sem hér segir:

	Kr.
I. flokkur	18 000,00
II. flokkur	16 000,00
III. flokkur	14 000,00
IV. flokkur	10 000,00
V. flokkur	7 000,00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, sem hér segir:

I. flokkur:

Keflavíkur Apótek
Laugavegs Apótek
Lyfjabúðin Iðunn
Reykjavíkur Apótek

II. flokkur:

Apótek Austurbæjar
Háaleitis Apótek
Hafnarfjarðar Apótek
Holts Apótek
Ingólfs Apótek
Stjörnu Apótek
Vesturbæjar Apótek

III. flokkur:

Akureyrar Apótek
Borgar Apótek
Garðs Apótek
Kópavogs Apótek
Lyfjabúð Breiðholts
Selfoss Apótek

IV. flokkur:

Akraness Apótek
Apótek Vestmannaeyja
Árbæjar Apótek
Húsavíkur Apótek
Ísafjarðar Apótek
Laugarness Apótek
Stykkishólms Apótek